

Nd.

38. Tillaga

til þingsályktunar um fódurskort bænda í óþurrkasveitum landsins o. fl.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Jón Pálmason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram rannsókn á fódurbirgðaskorti í óþurrkasveitum landsins. Einnig því, hve miklar heybirgðir muni vera aflögu í öðrum sveitum, og hver verða mundi flutningskostnaður, ef þær birgðir yrðu fluttar til óþurrkasveitanna.

Ennfremur sé aflað upplýsinga um það, hvað kosta mundi hey, flutt frá Skotlandi og Noregi.

Greinargerð.

Í mörgum sveitum landsins hafa hey nýttz svo illa í sumar, að til stórkostlegra vandræða horfir. Líklegt er, að til aðgerða Alþingis komi til úrlausnar þessum vanda, og þarf þá að sjálfsgöðu að vera á undan gengin rannsókn, er leiði í ljós, hver hjálparþörfin er og á hvern hátt auðveldast er að bæta úr henni.